

REGLUGERÐ

um stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins o. fl.

1. gr.

Forstjóri stjórnar Tryggingarstofnunar ríkisins í samráði við tryggingarráð undir yfirstjórn ráðherra. Skal hann kveðja tryggingarráð saman til reglulegra funda ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega og til aukafunda þegar þörf krefur eða þegar formaður eða meiri hluti tryggingarráðs óskar.

Á fundum tryggingarráðs og forstjóra skal taka til meðferðar, auk mála, sem áfrýjað hefir verið til úrskurðar tryggingarráðs, öll nýmæli, er stofnunina varðar, allar starfsmannaráðningar og önnur mál, ef útgjöld hafa í för með sér fyrir stofnunina. Verði ágreiningur milli forstjóra og tryggingarráðs, skal leita úrskurðar ráðherra.

2. gr.

Yfirlæknir Tryggingarstofnunar ríkisins er ráðunautur hennar um öll lækni- isfræðileg efni og önnur málefni, er varða viðskipti hennar við lækna, lyfsala, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, og enn fremur um öll afskipti hennar af sjúkrasamlögum innan alþýðutrygginganna.

Yfirlæknir skal fá til umsagnar öil læknisvottorð, læknisreikninga og aðra sjúkrakostnaðarreikninga, er tryggingarstofnuninni berast. Hann gerir rökstuddar tillögur um mat á slysum og örorku, að því er snertir tryggingar- og bóta- skyldu og upphæð slysa- og örorkubóta.

Yfirlæknir aðstoðar við alla samninga, er tryggingarstofnunin kann að gera fyrir sína hönd eða í umboði sjúkrasamlaga, við lækna, lyfsala, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir og hefir eftirlit með því, að þeir samningar séu haldnir.

Yfirlæknir skal vera til ráðuneytis öllum sjúkrasamlögum innan alþýðutrygginganna um lækni- isfræðileg efni, og skal ætíð kveðja hann til ráða við samningagerðir á milli samlaganna og lækna, lyfsala, sjúkrahúsa og annara heilbrigðisstofnana. Ef ágreiningur ris út af skilningi á ákvæðum slíkra samninga, skal og bera það undir hann. Yfirlæknir ferðast á milli hinna einstöku sjúkrasamlaga, þeim til leiðbeiningar, eftir því sem nauðsynlegt er og tryggingarstofnunin ákveður.

Yfirlæknir má jafnframt vera eftirlitslæknir við einstök sjúkrasamlög, ef samningar takast um það milli tryggingarstofnunarinnar og hlutaðeigandi sam- laga, og á þann hátt, sem um semst. Á þá hlutaðeigandi samlag aðgang að hon- um sem trúnaðarlækni sínum til eftirlits framkvæmd samninga milli þess og lækna, lyfsala, sjúkrahúsa og annara heilbrigðisstofnana, eftir því sem kveðið er á í slíkum samningum.

Nú ræður sjúkrasamlag innan alþýðutrygginganna sérstakan eftirlitslækni, og skal þá leita staðfestingar á ráðningu hans hjá tryggingarstofnuninni, sem

tekur ákvörðun um málið að fengnum tillögum yfirlæknis. Skulu slíkir eftirlits- **134**
læknar vera háðir eftirliti yfirlæknis og hlíta þeim reglum um störf sín, er yfir- 29. des.
læknirinn setur og tryggingarstofnunin staðfestir.

3. gr.

Sjúkrasamlög innan alþýðutrygginganna skulu setja reglur um starfsmanna-
hald sitt og rekstur og greina fjölda starfsmanna, starfsvið þeirra, hvers um sig
og launakjör. Leita skal staðfestingar tryggingarstofnunarinnar á reglum þessum.

4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast fjárhagslega yfirendurskoðun á rekstri
allra sjúkrasamlaga innan alþýðutrygginganna, og má ráða sérstakan endurskoð-
anda í því skyni. Heimilt er tryggingarstofnuninni að semja við einstök sjúkra-
samlög um að endurskoðandi hennar sé jafnframt endurskoðandi hlutaðeigandi
sjúkrasamlags ásamt öðrum, er sjúkrasamlagið ræður.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 26, 1. febrúar 1936, um
alþýðutryggingar til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR

135

sjúkrasjóðsins Vinamíning á Eyrarbakka árið 1935.

Tekjur:

Í sjóði 1. janúar 1935	kr. 6152.74
Gjafir á árinu	— 72.50
Vextir af innstæðu	— 252.56
	<hr/>
	Kr. 6477.80

Gjöld:

Veittur styrkur á árinu 1935	kr. 200.00
Í sjóði í árslok 1935	— 6277.80
	<hr/>
	Kr. 6477.80

Eyrarbakka, 31. desember 1935.

Gísli Skúlason.

Ásta Jónsdóttir.

Gísli Pétursson.